

APRIL 24, 2017



# Skátarnir

FARARSTJÓRN Á WORLD SCOUT JAMBOREE 2019

HÖFUNDUR: JÓN ÞÓR GUNNARSSON

BANDALAG ÍSLENSKRA SKÁTA

HRAUNBÆR 123

### KYNNING

World Scout Jamboree 2019 er skátamót fyrir ungt fólk á aldrinum 14-18 ára, haldið af WOSM (World Organisation of the Scout Movement). Stjórn Bandalags íslenskra skáta leitar að einstaklingum til að skipa sem fararstjóra til að leiða þátttöku BÍS á mótinu.

Fararstjórar munu vinna í samstarfi við framkvæmdastjóra Skátamót ehf og fleiri aðila til að unga fólkíð fái að njóta sem best þeirrar lífsreynslu að taka þátt á World Scout Jamboree. Fararstjórar taka m.a. að sér að

- Gera ítarlega verkefnisætlun sem inniheldur helstu vörður fyrir undirbúning ferðarinnar og skýrslugjöf til stjórnar og alþjóðaráðs.
- Sjá um undirbúning, framkvæmd og endurmat ferðarinnar
- Gera fjárhagsáætlun fyrir ferðina sem samþykkt er af framkvæmdastjóra.
- Sjá til þess að öll fararstjórn hafi lokið námskeið í barnavernd.
- Fylgjast með og gefa skýrslu um áhættur, tækifæri og áfallinn kostnað.

Þessi upplýsingapakki er hugsaður til að gefa upplýsingar um skátamótið og hlutverk fararstjóra/fararstjórnar. Umsóknir fararstjóra skulu berast fyrir kl 20:00 sunnudaginn 15. október 2017.

Ef þið hafið einhverjar spurningar um hlutverk fararstjóra, vinsamlegast hafið samband við Sigríði Ágústsdóttur í Skátamiðstöðinni í síma 550 9800 eða á netfangið [sigridur@skatar.is](mailto:sigridur@skatar.is)

### UM MÓTIÐ

24th World Scout Jamboree mun gefa ungu fólki frá öllum heimshornum tækifæri á einstöku ævintýri og gefa því lífsreynslu sem fylgir því inn í lífið. Frekari upplýsingar er hægt að finna á vefsíðu mótsins

<http://www.2019wsj.org>

Bandalag íslenskra skáta hefur verið með stóra hópa skáta á undanförunum Jamboree mótum og vonum við að svo verði einnig á mótinu 2019.

Annað sem vert er að vita

- Þátttakendur verða að vera fæddir á bilinu 22. júlí 2001 og 21. júlí 2005 og vera virkir meðlimir í skátunum.
- Starfsmenn (IST) eru fæddir 21. júlí 2001 eða fyrr og verða að vera virkir meðlimir í skátunum.
- Síðasta World Scout Jamboree var haldið í Japan sumarið 2015.

### HLUTVERK FARARSTJÓRA

Fararstjórar BÍŚ á 24th World Scout Jamboree eru sjálfbóðaliðar sem vinnur með stuðningi Skátamiðstöðvarinnar að undirbúningi, framkvæmd, frágangi og endurmati ferðar BÍŚ á mótið. Tengiliður BÍŚ er frá Alþjóðaráði. Fararstjórar skipa með sér fararstjórn í samráði við formann alþjóðaráðs en stærð fararstjórnar ræðst af fjölda þátttakanda.

### YFIRLIT

Titill: Fararstjóri BÍŚ á 24th World Scout Jamboree

Tímabil: maí 2017 – október 2019

Heyrir undir: Formann Alþjóðaráðs BÍŚ

Ábyrgur fyrir: Undirbúningi, framkvæmd og eftirfylgni ferðar BÍŚ á 24th World Scout Jamboree 2019.

### FARARSTJÓRI ÞARF AÐ GETA

- Undirbúið, framkvæmt og endurmetið ferð BÍŚ á 24th World Scout Jamboree með stuðningi Skátamiðstöðvarinnar.
- Verið til taks og sótt þá viðburði og fundi sem er tengjast undirbúningi, framkvæmd og frágangi ferðarinnar.
- Lagt á sig talsverða undirbúningsvinnu sem fer fram á fundum, tölvupóstum, skype fundum o.fl.
- Haft til þess burði að vera tvær vikur í tjaldútilegu og taka þátt í tjaldbúðalífi
- Undirbúið og framkvæmt ferðatilhögun.
- Haldið utan um verkefnisáætlun framkvæmdarinnar sem og tímalínu.
- Gefur stöðumat með reglulegum hætti til Skátamiðstöðvarinnar og alþjóðaráðs BÍŚ.

### ÆSKILEG REYNSLA OG FÆRNI

- Færni í að hvetja og leiða ungt fólk á aldrinum 14-18 ára til þátttöku.
- Færni í verkefnisstjórn
- Skilningur á fjölþjóðlegum þætti World Scout Jamboree, þar sem mismunandi menningarhópar koma saman. Vera opinn gagnvart öðrum og geta sýnt nærgætni, óháð m.a. þjóðerni, trú, kyni eða kynhneigð.
- Færni við að leiða hóp sjálfbóðaliða 18 ára og eldri til góðra verka.
- Sjálfstæð hugsun og frumkvæði í leiðum til að ná fram markmiðum.
- Geta stofnað til og viðhaldið samskiptum við innri- og ytri hagsmunadila, sjálfbóðaliða og starfsfólk Skátamiðstöðvarinnar.
- Geta tekið ábendingum og leiðbeiningum annarra.

## FARARSTJÓRN Á WORLD SCOUT JAMBOREE 2019

- Vinna vel í hópi og styðja teymisvinnu.
- Færni í samskiptum, bæði í ræðu og riti.
- Vera jákvæður óháð þeim áskorunum sem framundan eru.
- Vera lausnamiðaður. Framundan eru verkefni en ekki vandamál.
- Hafa reynslu af stærri fjölbjóðlegum skátaviðburðum. Reynsla af fararstjórn eða sem starfsmaður á skátamóti er æskileg.
- Æskilegt er að hafa verið skáti á aldrinum 14-18 ára.

### STUÐNINGSEFNI TIL AÐ VINNA VERKEFNIÐ

- Æskulýðslög nr. 70/2007
- Lög og reglugerðir BÍS
- Forvarnsr stefna BÍS
- Viðbragðsáætlun BÍS
- Handbækur fararstjóra á Jamboree
- Almennt um fararstjórn – Sjá viðauka A.

### UMSÓKN

Vinsamlegast sendið umsókn á netfangið [sigrídur@skatar.is](mailto:sigrídur@skatar.is) fyrir 15. september 2017. Æskilegt er að fram komi amk.

- Nafn
- Tölvupóstfang
- Sími
- Aldur
- Skátafélag
- Texti um þig og þína reynslu sem nýtist sem fararstjóri.
- Reynsla af því að stýra sjálfboðaliðum.

### VIÐAUKI A

Almennt um fararstjórn. Tekið saman af Braga Björnssyni.